



Stefna leikskólans Fögrubrekku um mál og lestur

Þann 26. maí 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra í Kópavogi og menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi, þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur þannig skilum við nemendum okkar vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútíma samfélagi.

Mál og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til þess að læra mál. Hversu vel hann nýtist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinnáms og koma þannig í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir.

Læsisstefnan gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis- og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, hljóðrænni umskráningu og orðaforða.

Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið í Kópavogi taki höndum saman um að bæta árangur barna í lestri. Framtíðarsýnin er mótuð út frá leiðarljósi þar sem sett eru fram fjögur markmið sem byggja á hlutverki foreldra í skólastarfi, stuðningi við kennara og samvinnu við stofnanir og félagasamtök.

Leikskólinn Fagrabrekka vinnur út frá grunnþáttum læsis miðað við aldur og þroska hvers barns, í samræmi við aðalnámskrá og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur.

Læsisstefnan er í öllu daglega starfi leikskólans

Í leikskólanum er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi læsis í daglegu starfi og hefur ávallt unnið með það að leiðarljósi. Í daglegum samverustundum er lesið, sungið og farið með þulur og börnin fara einnig í vettvangsferðir í Bókasafn Kópavogs. Í tónlist er unnið með rím og takt, atkvæði eru klöppuð og lög æfð. Elstu börnin læra á blokkflautu og setja upp leikrit þar sem kennarar lesa framhaldssögur og börnin ákveða í sameiningu hvaða ævintýri er sett á svið, velja lög, skrifa handrit og undirbúa leikmuni og sviðsmynd. Á fagnaðarfundi er lesið með eða án handbrúða, sögur sagðar, sungið og skuggaleikhús sýnd. Börnin koma fram, segja frá verkefnum sínum, syngja og dansa.

Læsishvetjandi umhverfi:

Markmið leikskólans er:

- ☞ Að hafa bækur sem hvetja til samræðu, bók- og tölustafi, ritföng og spil sýnileg og aðgengileg börnum.
- ☞ Að starfsfólk sé meðvitað um að læsi er hluti af öllu daglega starfi, jafnt inni sem úti.
- ☞ Að fá foreldra til liðs við okkur.
- ☞ Að virkja starfsfólk enn frekar í lestri bóka.
- ☞ Að auka meðvitund og virkni starfsfólks og barna með auknum lestri, samræðum og textagerð.

Hlutverk kennarans er:

- ☞ Að vera góð fyrirmynd barnanna, vanda málfar og nota fjölbreyttan orðaforða.
- ☞ Að spyrja börnin opinna spurninga; „Hvað, hvernig og hvers vegna“.
- ☞ Að sýna börnunum virðingu með því að hlusta á þau, spjalla, spyrja og ígrunda.
- ☞ Að vera meðvitaður um að öll börnin fái tækifæri til að tjá sig um það sem þeim býr í brjósti.
- ☞ Að lesa bækur með börnunum, segja sögur sem henta aldri og þroska þeirra og ræða innihald bóka með áherslu á fjölbreytt orð.
- ☞ Að hvetja börnin til að setja orð á hluti og daglegar athafnir.
- ☞ Að hvetja starfsfólk til að sækja sí- og endurmenntun um nýjungar í læsi og kynna sér kennsluefni sem stuðlar að læsi.

Læsisstefnan verður sýnileg með því:

- ☞ Að hafa allan efnivið aðgengilegan fyrir börnin og starfsfólkið og merktan með mynd og rituðu máli.
- ☞ Að gera stafrófið sýnilegt börnunum á öllum deildum.
- ☞ Að merkja með nafni og mynd; fatahólf, skúffur og rúmfatakassa sem hafa að geyma persónulega hluti barnanna.
- ☞ Að merkja öll verk barnanna með nafni og dagsetningu og skrifa niður það sem börnin hafa að segja um verkin sín.
- ☞ Að nýta spjaldtölvur til læsishvetjandi verkefna.

Læsi í daglega starfi leikskólans

Í daglegu starfi leikskólans eru börnin hvött til sjálfshjálpar, því er hverju barni gefinn góður tími. Starfsfólkið auðgar tungumálið með því að leika með það og tala um hlutina við börnin um leið og þeir eru framkvæmdir. Börnunum eru kenndir almennir borðsiðir, þau æfð í að biðja um aðstoð með orðum og spjallað er saman um ýmsa áhugaverða hluti.

Starfsfólkið syngur gömul og ný lög með börnunum, fer með þulur og ljóð, rímar, les bækur og hlustar á sögur með þeim. Börnin er hvött til að koma með bækur að heiman og starfsfólkið notar bangsann Blæ til að koma af stað samræðum og spjalli. Starfsfólkið ræðir við börnin um ýmis hugtök, liti og form sem eflir læsis- og stærðfræðivitund þeirra.

Til að gera fjölmenningu leikskólans sýnilegri fyrir börnum, foreldrum og starfsfólki eru fánar þeirra barna sem eru af erlendum uppruna límdir á stórt landakort. Erlend lög eru sungin, boðið er góðan daginn á ýmsum tungumálum og á veggjum hangir orðið „velkomin“ á ýmsum tungumálum.

Samstarf leikskólans við foreldra um mál og lestur

Leikskólinn setur sér markmið um samvinnu við foreldra um eflingu málþroska, lesturs og lesskilnings. Kennarar hvetja foreldra að lesa fyrir börnin heima og bjóða þeim bækur leikskólans að láni. Kennararnir og börnin skrifa á upplýsingatöflu í fataherbergi hvað þau voru að gera yfir daginn í leikskólanum. Með að miðla upplýsingum til foreldra um dagleg störf og viðfangsefni barnanna þá fá foreldrar tækifæri til að ígrunda og ræða við börnin heima við.

Samstarf leikskólans við grunnskólann og aðra leikskóla

- 📖 Á degi íslenskri tungu eru samskiptin á milli leik- og grunnskólans eflað, með því að nemendur grunnskólans koma í leikskólann velja bækur og lesa þær fyrir börnin.
- 📖 Niðurstöður úr Hljóm 2 sem er skimunarpróf í leikjaformi, gefa vísbendingar um gengi lestrarnáms barna þegar fram í sækir. Upplýsingum um framfarir og stöðu barnsins í málþroska er miðlað með skipulögðum hætti til grunnskólans.
- 📖 Starfsáætlun er gerð um samstarf á milli Álfaheiði, Efstahjalla, Kópahvols og Álfhólsskóla.

Mat og eftirlit

Í leikskólanum eru ýmsar skimanir notaðar til að skoða stöðu barnanna. Markmiðið er að sjá framfarir í daglegu starfi og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þurfa þykir. Foreldrar eru upplýstir um framgöngu barnsins í foreldrasamtölum. Rætt er um úrræði, hvað foreldrar geta gert og hvaða aðstoð er hægt að sækja. Höfð er samvinna við sérfræðing ef þörf er á.

HLJÓM 2

Hljóm 2 er lagt fyrir elsta árgang leikskólans. Hljóm 2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund 5 ára barna. Hljóm 2 er lagt fyrir að hausti ár hvert og aftur í febrúar/mars ef þess er þörf. Öllum foreldrum er boðið að sjá niðurstöðurnar.

Börnin er hvött og örvuð í læsi, meðvitað og ómeðvitað í gegnum allan daginn í leikskólanum.

Leikskólinn vann þróunarverkefnið, „Læsishvetjandi umhverfi“ árið 2017.
<http://fagrabrekka.kopavogur.is/media/skjol/Laesishvetjandi-umhverfi.pdf>

Leikskólinn Fagrabrekka janúar 2018



„Læsi er hæfileikinn til að bera kennsl á, skilja, túlka, skapa og tjá sig með því að nota prentað eða ritað efni um mismunandi samhengi. Læsi tengist áframhaldandi lærdómi til að leyfa einstaklingi að uppfylla markmið sín, að þroska og leggja stund við þekkingu og hæfni sína og að taka betur þátt í samfélaginu í heild sinni.“ (<https://is.wikipedia.org/wiki/L%C3%A6si>, sótt 21.1.2018)